



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 135/1057*  
*komudagur 18.1.2008*

Reykjavík, 18. janúar 2008

Allsherjarnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Málefni: Umsögn um frumvarp um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.**

Vísað er til bréfs Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 19. nóvember sl., þar sem beðið er um umsögn Biskupsstofu um frumvarp um breyting á ýmsum lagaákvæðum sem varða réttindi samkynhneigðra.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir að hjúskaparlögunum, nr. 31/1993, verði breytt þannig að þau gildi jafnt um öll pör, samkynhneigð sem gagnkynhneigð, og að lög in um staðfesta samvist, nr. 87/1996, verði felld úr gildi.

Meginrök fyrirleggjandi frumvarps koma fram í greinargerð þar sem segir: „Það er mat flutningsmanna að það sé grundvallaratriði að löggjöfin mismuni ekki fólki. 65. gr. stjórnarskrárinnar er ætlað að koma í veg fyrir að slíkt gerist. Samkvæmt henni skulu allir vera jafnir fyrir lögunum, en segja má að á meðan tvenn lög gilda um hjúskap, eftir kynhneigð fólks, sé farið fram hjá þessari grundvallarreglu.“

Það stenst ekki að hjúskaparlög brjóti gegn þessu ákvæði stjórnarskrárinnar. Það grundvallaratriði gefur ekki öllum manneskjum sömu réttindi á öllum sviðum. Til dæmis eru þau grundvallarmannréttindi samfélagsins sem birtast í almennum kosningarétti takmörkunum háð, svo sem 18 ára aldur og íslenskt ríkisfang. Fráleitt brytur það í bága við meginregluna um að allir séu jafnir fyrir lögunum. Sama á áreiðanlega við um þau skilyrði sem hjúskaparlög setja svo sem um aldur og skyldleika í beinan legg.

Engin mismunun, í skilningi 65. gr. stjórnarskrárinnar, er fólgin í því fyrirkomulagi sem í gildi er hér á landi að hugtökunum samvist og hjónaband sé haldið aðgreindum og samfélagið viðurkenni mismunandi sambúðarform, en með sömu réttaráhrifum. Telja má að um það hafi náðst viðtæk sátt, svo sem birtist í niðurstöðu Kirkjuþings 2007. Í ályktun þess segir: „Kirkjuþing lýsir stuðningi við meginatriði ályktunar kenningarnefndar um Þjóðkirkjuna og staðfesta samvist og stendur við hefðbundinn skilning á hjónabandinu sem sáttmála karls og konu. Ef

lögum um staðfesta samvist verður breytt þannig að trúfélög fái heimild til að staðfesta samvist þá styður Kirkjubing það að prestum Þjóðkirkjunnar, sem eru vígslumenn að lögum, verði það heimilt. Kirkjubing leggur áherslu á að frelsi presta í þessum efnum verði virt.“

Með þessari ályktun, sem samþykkt var einróma, náðist sátt um mál sem valdið hefur miklum deilum í kirkju og samfélagi. Benda má á að með þessari niðurstöðu hefur íslenska Þjóðkirkjan gengið lengra en flestar aðrar kirkjur í þessum efnum. Ályktun Kirkjubings 2007 byggir á fyrirheitum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að lögum um staðfesta samvist verði breytt á þann veg að prestum og forstöðumönnum trúfélaga verði veitt heimild til að framkvæma staðfesting samvistar. Fyrirliggjandi lagafrumvarp gengur gegn þeim markmiðum stjórnarsáttmálans. Lögin um staðfesta samvist verða samkvæmt fyrirliggjandi frumvarpi felld úr gildi og skilgreining hjúskapar verður óháð kyni.

Mörg rök hníga að því að halda aðgreiningu hjónabands og staðfestrar samvistar. Hjónaband og samkynja samvist er ekki hið sama. Munurinn felst í líffræðilegum staðreyndum sem ekki er unnt að afneita. Hinn líffræðilegi munur kynjanna er hluti grunnmynsturs sköpunarinnar og á sér samsvörun í lífinu öllu. Öll trúarbrögð og öll siðmenning að heita má hefur dregið þetta fram í því að gefa samlífi karls og konu í hjónabandi sérstaka merkingu og umgjörð. Þar með er ekki fólgin lítilsvirðing gagnvart samkynhneigðum og samlífi þeirra.

Hjónaband er meira en kærleikssamband tveggja einstaklinga. Ekki verður framhjá því komist að hjónabandið er hin samfélagslega, opinbera viðurkenning kynlífssambands karls og konu. Hjónabandið er stofnun sem miðar að því að vernda það sem af slíku kynlífssambandi leiðir, að mæta grundvallarþörf barnsins fyrir öryggi, stuðning, ást og aðstoð föður og móður til að því farnist vel. Í allri siðmenningunni er hjónabandið félagslega viðurkennd kynmök konu og karls sem álitin eru í senn persónulegt samband og sem stofnun, sem umfram allt gengur út frá því að afkvæmin sem þar af leiða séu viðurkennd af samfélaginu sem tilfinningalega, siðferðislega, lagalega og í reynd nátengd báðum foreldrum.

Mannréttindasáttmálar og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna leggja ríka áherslu á rétt barnsins til móður og föður. Löggjöf landsins hlýtur ávallt að standa vörð um þennan rétt barnsins. Ef hagsmunir fullveðja einstaklinga og hagsmunir barna rekast á þá eiga hagsmunir barnsins að ráða.

Því er haldið fram að með því að breyta gildandi hjúskaparlögum á þann hátt sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir sé unnið gegn mismunun og stuðlað að mannlegri reisn og mannréttindum. Í því felist viðurkenning samfélagsins á rétti og stöðu frammi fyrir Guði og mönnum.

Því hefur löggjafinn nú þegar náð fram með lögum um staðfesta samvist sem eru mikil réttarbót og taka tillit til mannlífsflórn samfélagsins.

Afnám laga um staðfesta samvist og endurskilgreining hjónabandsins með því að taka út orðin karl og kona úr lagatextanum eykur í engu við lögmælt réttindi samkynhneigðra para. Það hefur hins vegar í för með sér að numið er úr lögum og vitund menningar og samfélags hið grundvallandi viðmið hjónabandsins um andstæðu og gagnkvæmni karls og konu. Það hefur einnig í för með sér að hugmyndin um rétt barnsins til móður og föður hverfur opinberlega og úr lögum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna mælir svo fyrir að „börn eigi rétt, svo fremi það sé mögulegt, á því að vita um foreldra sína og njóta umönnunnar þeirra.“ (grein

7.1). Þetta síðastnefnda er mannréttindi sem í samtímanum er lítill gaumur gefinn, því miður. Afnáam hugtakanna karl og kona úr hjúskaparlögum mun veikja enn undirstöðu þessa réttar.

Fyrsta grein Mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna slær föstum réttinum til að giftast. En sá réttur er samsettur réttur. Hann felur í sér réttinn að eignast og ala upp börn. Hann er nátengdur hjónabandinu sem stofnun sem byggð er utan um einmitt þennan rétt. Í sáttmálanum er réttur órofa tengdur félagslegri ábyrgð og hin náttúrulega, líffræðilega fjölskylda er grundvallareining samfélagsins. Fjölskyldan sem stofnun og félagsleg eining þarfnast verndar. Mannréttindasáttmálinn skilgreinir hjónabandið sem náttúrulega, almenna, alls staðar fyrir hendi (quod semper, quod ubique, quod ab omnibus), mannlega stofnun. Þannig er því slegið föstu að grundvallareining mannlegs samfélags er líffræðileg móðir sem giftist líffræðilegum föður svo þau geti saman alið upp börn sín. Þess vegna er hjónabandið mannréttindi - það er rétturinn að taka þátt í hjónabandinu sem stofnun.

Krafan um að hjónabandið skuli vera kynhlutlaust er að sögn flutningsmanna fyrirbyggjandi frumvarps ekki reist á því að um mannréttindabrot eða misrétti sé að ræða heldur á því að um mismunun sé að tefla. Vandinn er sá að mismunun, sem ekki hefur í för með sér mannréttindabrot eða misrétti, er afar viðsjálf hugtak. Slík mismunun getur verið jákvæð eða neikvæð, háð breytilegri tísku og kenningaþróun í félagsvísindum, hagsmunum þrýstihópa og margskonar huglægum þáttum. Jafnvel má halda því fram að öll pólitísk forgangsröðun í þjóðfélaginu hafi í för með sér einhverskonar mismunun eftir því útfrá hvaða sjónarhóli hún er skoðuð.

Enda þótt flutningsmenn hafi sjálfir sett fram að ekki sé um mannréttinda- né jafnréttismál að ræða við íslenskar aðstæður þar sem öll borgaraleg réttindi samkynhneigðra para eru tryggð, þá er niðurstaða þeirra engu að síður þessi: „Frumvarpið varðar í sjálfu sér mannréttindi og er fyrst og fremst hugsað til að jafna rétt samkynhneigðra para til að ganga í hefðbundið hjónaband.” Það er umhugsunarvert að krafan er reist sem mannréttinda- og jafnréttiskrafa þótt viðurkennt sé að hún sé það ekki í raun.

Í skýrslu sem liggur til grundvallar umræðu á sænska þinginu um kynhlutlaust hjónaband, er nær eingöngu fjallað um réttarfarsleg og lagatæknileg atriði, og ekkert um félagslegar og merkingarlegar eigindir hjónabandsins. Samt sem áður er viðurkennt í skýrslunni að málið snúist fyrst og fremst um virðingu og félagslegan sess en um þann þáttinn er því miður ekkert fjallað í skýrslunni.

Í sænsku þingskýrslunni er krafan um kynhlutlaust hjónaband rökstudd með því að hjónabandið hafi félagslega hærra stöðu (hærra táknrænt gildi) og veita beri samkynhneigðum hlutdeild í henni til þess að löghelga samlíf samkynhneigðra para. Því er haldið fram að þar sem þar af sama kyni njóti nú sömu réttaverndar með lögum um staðfesta samvist og karl og kona njóta með hjúskaparlögum, eigi samkynhneigð þör að geta fengið réttarvernd sína innan ramma hjúskaparlaganna. Skýrslan viðurkennir þó að það gæti mælt gegn þessari niðurstöðu ef um það væri að ræða að hjónabandið væri talið standa í einstökum tengslum við fjölskyldumyndunina. Í skýrslunni er ekki fjallað um þessi tengsl á fullnægjandi hátt og raunar er ámælisvert að ekkert er þar fjallað um málin út frá sjónarhorni og hagsmunum barna.

Í skýrslu sem lögð var fyrir franska þjóðþingið vorið 2006 er hins vegar lögð sérstök áhersla á hagsmuni barnsins af því að hjónabandinu sé viðhaldið sem sambandi karls og konu. Þar segir: „Hjónabandið er ekki aðeins samningsbundin


viðurkenning á ást milli tveggja einstaklinga. Það er skuldbindandi rammi réttinda og skyldna sem mótaður hefur verið til þess að geta tekið á móti barni og veitt því ákjósanleg uppeldisskilyrði.“

Í skýrslunni er því slegið föstu að hjónabandið sé í eðli sínu stofnun sem hafi það hlutverk að tryggja viðgang nýrra kynslóða og því hljóti það að einskorðast við þör sem hafa til að bera þann möguleika. Skýrslan undirstrikar rétt barnsins til þess að eiga bæði móður og föður. Franska skýrslan fjallar ítarlega um þetta í tengslum við faðernisforsenduna, það sé ekki mögulegt að fjalla um hjónaband án þess að ræða faðernið. Sé hjónabandið skilgreint sem kynhlutlaust þyrfti að sleppa faðernisforsendunni. Þar sem það þjónar ekki hagsmunum barnsins hafnar franska þingskýrslan hugmyndinni um kynhlutlaust hjónaband. Í skýrslunni er einnig tekin afstaða gegn því að hjónabandið sé notað til þess að auka félagslega viðurkenningu samkynhneigðra para. Unnt sé að ná því markmiði um viðurkenningu með öðrum hætti.

Telja má að með lögunum um staðfesta samvist sé þeim markmiðum náð hér á landi að því leyti sem unnt er með löggjöf.

Hjónabandið er sú grundvallarstofnun samfélagsins sem er umfram allt vegna afkvæmanna, í þágu barnanna, með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Og þó að víða sé pottur brotinn í þeim efnum í mannlegu samfélagi, þá er marg staðfest reynsla að engin stofnun, umbúnaður, umhverfi og aðstæður, styðji betur barnið en skuldbindandi samband föður og móður, hjónaband. Hjónaband snýst vissulega um meir en kynlíf og börn. Líka fjárhag, framfærslu, samheldni í erfiðleikum, umhyggju, gagnkvæman stuðning. Þess vegna skapar hjónabandið mikinn auð í samfélaginu. En meginforsenda hjónabands hefur jafnan verið að tengja líffræðilega og félagslega víddir þess að vera faðir (pater est). Það er ljóst af því að þó að foreldrar skilji og móðirin giftist öðrum þá verður seinni eiginmaðurinn ekki sjálfkrafa faðir barnsins við það. Það er talsvert mál að ættleiða barn. Og á að vera það. Forsendan á að vera hið líffræðilega og félagslega faðerni í opinberri, viðurkenndri skuldbindingu. Annað á að vera undantekningar. Sannarlega er nauðsynlegt að gera ráð fyrir undantekningunum og hér er ekki deilt um það að samkynhneigðir og einstæðir foreldrar gegna foreldrahlutverkinu með þryði. En meginreglan í samfélaginu þarf að vera skýr. „Æ fleiri félagsfræðirannsóknir leiða í ljós að það sem helst styður heill barnsins er stöðugt heimili beggja líffræðilegra foreldra.“(Time, 2001)

Staðfest samvist einstaklinga af sama kyni er umbúnaður samfélagsins um réttindi, skyldur og hagsmuni einstaklinga sem vilja lifa saman í skuldbindandi samfélagi. Það er gott markmið og göfugt. Enga nauðsyn ber til þess að grundvallarskilgreiningu hjónabandsins sé breytt þess vegna. Engin haldbær rök mæla með því að hjónabandið verði gert kynhlutlaust. Af hálfu samfélagsins eru þvert á móti ærnar ástæður til þess að styrkja hjónabandið í sessi sem varanlegt samband karls og konu.



Biskup Íslands

Karl Sigurbjörnsson